

Alþingi - Nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. febrúar 2015
Tilvísun: 2015020028/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til breytingu á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála

Orkustofnun vísar til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), 511. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér frumvarpið, þar sem m.a. kemur fram í 2. gr. þess að Orkustofnun skuli fyrir 1. mars ár hvert veita Umhverfisstofnun upplýsingar um nýtingu rafmagnsframleiðenda, vatnsveitna og hitaveitna þar sem vatnstaka er að jafnaði yfir 30 lítrum á sekúndu.

Við undirbúning frumvarps þessa gerði Orkustofnun, að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins áætlun um það viðbótar vinnuálag og kostnað er fylgja myndi árlegri afhendingu gagna Orkustofnunar um vinnslu á ferskvatni og jarðhitavatni til Umhverfisstofnunar, er nýta myndi þær upplýsingar sem grundvöll að gjaldstofni vegna framkvæmdar á lögum um stjórn vatnamála.

Fram kom að aukið vinnuálag og kostnaður Orkustofnunar tengist þremur þáttum. Í fyrsta lagi þyrfti aukna eftirfylgni um tímanleg skil fyrir ákveðinn tíma árlega frá öllum aðilum, sem veldur tímabundnu álagi, en þeir eru af stærðarþrepinu 100 talsins í ferskvatnstöku og 250 í nýtingu jarðhitavatns. Í öðru lagi þyrfti aukið eftirlit með gæðum gagna og með því að rétt sé talið fram, þegar umræddar upplýsingar eru orðnar að gjaldstofni. Þar myndi auk vinnunnar falla til ferðakostnaður og stofnkostnaður vegna mælitækja. Í þriðja lagi má gera ráð fyrir aukinni umsýslu vegna kærumála frá gjaldendum.

Tveir sérfræðingar Orkustofnunar áætluðu umfangið á þessu viðbótar vinnuálagi hjá Orkustofnun, hvor í sínu lagi með því að skoða hvern þátt málsins og komust að niðurstöðum á bilinu 613 til 2171 klst. á ári. Miðað við miðgildi þessara áætlana, 1392 klst. á ári, verður að gera fyrirvara um að óvissan er töluvert mikil.

Niðurstaðan var sú að kostnaðarauki Orkustofnunar vegna árlegrar afhendingar gagna um vinnslu á ferskvatni og jarðhitavatni til notkunar sem gjaldstofn yrði að líkindum nálægt 9,5 milljónum kr. á ári vegna 1393 klst. árlegs vinnuframlags, auk ferða- og tækjakostnaðar.

Orkustofnun bendir á að tryggja þurfi fjármagn til stofnunarinnar í samræmi við ofanritað verði frumvarpið að lögum.

Orkustofnun gerir, í ljósi ofanritaðs, ekki aðrar athugasemdir við fram komna tillögu.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Hannes Arnórsson